

Afkoma Landsbanka Íslands hf á árinu 2006

**Hagnaður ársins 40,2 milljarðar króna eftir skatta
Hagnaður fjórða ársfjórðungs 14,1 milljarður króna**

Helstu niðurstöður úr ársreikningi Landsbanka Íslands hf. fyrir árið 2006:

- Hagnaður ársins eftir skatta var 40,2 milljarðar króna og hefur hann aukist um 61%.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 36,3%.
- Grunntekjur samstæðunnar (vaxtamunur og þjónustutekjur) námu tæpum 70 milljörðum króna og jukust þær um 30 milljarða króna eða 76%.
- Kostnaðarhlutfall tímabilsins reiknast 43,2%.
- Gengismunur og fjárfestingatekjur námu 19,6 milljörðum króna samanborið við 21,3 milljarða króna á árinu 2005.
- Tekjur af erlendri starfsemi námu 46,6 milljörðum króna eða 52% af heildartekjum samanborið við 10,4 milljarða króna og 17% á árinu 2005. Er þetta í fyrsta sinn sem tekjur af erlendri starfsemi eru hærri en á Íslandi.
- Heildareignir bankans námu 2.173 milljörðum króna í árslok 2006. Heildareignir bankans í evrum námu 23,2 milljörðum í lok árs 2006 samanborið við 18,8 milljarða evra í byrjun ársins.
- Innlán viðskiptavina jukust um 104% á árinu og námu 683 milljörðum króna í árslok 2006. Nema innlánin tæplega 50% af heildarútlánum til viðskiptavina.
- Eiginfjárhlutfall (CAD) var 14,8% í árslok 2006. Eiginfjárpáttur A var 13,0%.

Helstu niðurstöður fjórða ársfjórðungs 2006:

- Hagnaður eftir skatta var 14,1 milljarður króna.
- Hreinar rekstrartekjur fjórða ársfjórðungs námu 24,8 milljörðum króna samanborið við 18,5 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi.
- Kostnaðarhlutfall fjórða ársfjórðungs 2006 reiknast 44,4%.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 135 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi á meðan innlán frá viðskiptavinum jukust um 170 milljarða króna.

Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri:

"Afkoma Landsbankans á árinu 2006 er einstaklega góð. Hagnaður eftir skatta nam um 40 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár 36%. Grunntekjur bankans halda áfram að vaxa og námu þær 70 milljörðum króna, sem er aukning um 76%. Tekjur af erlendri starfsemi nema nú 52% af heildartekjum samstæðunnar þannig að það má segja að tekjugrunnur samstæðunnar sé í senn fjölbreyttur og traustur. Vel hefur tekist til með fjármögnun bankans bæði með skuldabréfaútgáfum og ekki síður með nýjum innlánaafurðum. Innlán sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina eru nú tæplega 50% samanborið við 34% í byrjun ársins. Stór þáttur þessar velgengni má þakka sérstaklega vel heppnaðri innkomu Icesave á Bretlandsmarkað á 4. ársfjórðungi, en innlán Icesave námu tæpum 110 milljörðum króna í lok ársins."

Halldór J. Kristjánsson bankastjóri:

"Mikil umræða var um íslenskt efnahagslíf og um íslenska fjármálakerfið framan af árinu 2006. Erlendir markaðs- og greiningaraðilar höfðu áhyggjur af skammtímaáðlögun íslenska hagkerfisins og áhrifa hennar á fjármögnun og rekstur bankanna. Að hluta til voru áhyggjur byggðar á misskilningi, en það var leiðrétt með með öflugri upplýsingagjöf. Landsbankinn brást hinsvegar ákveðið við öðrum ábendingum í umræðunni sem stjórnendur bankans mátu réttar. Í því efni hefur bankinn tekið ákvarðanir sem miða að því a draga úr markaðsáhættu og auka verulega hlutfall innlána í heildarfjármögnun. Jafnframt styrkti bankinn CAD eiginfé á árinu. Þetta ásamt markvissri samþættingu starfsstöðva móðurfélags og dótturfélaga hér heima og erlendis gerir bankann mjög vel í stakk búinn að sækja áfram í harðri samkeppni á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Landsbankinn treysti mjög fjármögnun samstæðunnar á árinu og ber þar hæst vel heppað skuldabréfaútbóði í Bandaríkjunum og svo einstök innkoma á breska innlánamarkaðinn. Lausafjárstaða bankans er því mjög sterk og nær nú þegar að standa undir afborgunum langtímaskulda til næstu tveggja ára."

Ársreikning Landsbanka Íslands hf. fyrir árið 2006 má nálgast á heimasíðu bankans www.landsbanki.com.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Landsbankans:

Sigurjón Þ. Árnason í síma 410-4009 / 898-0177 og Halldór J. Kristjánsson í síma 410-4015 / 820 6399.

Lykiltölur úr ársreikningi Rekstrarreikningur

	2006	2005	2004	2003	2002
Vaxtatekjur	133.102	66.437	34.252	21.871	21.813
Vaxtagjöld	91.611	43.441	19.517	12.540	14.082
Hreinar vaxtatekjur	41.491	22.996	14.734	9.331	7.732
Þjónustutekjur	32.459	18.479	10.234	6.959	4.745
Þjónustugjöld	4.092	1.754	1.344	843	669
Hreinar þjónustutekjur	28.366	16.726	8.891	6.116	4.076
Fjárfestingatekjur	19.568	21.257	9.842	3.535	2.109
Hreinar rekstrartekjur	89.426	60.978	33.467	18.982	13.916
Laun og tengd gjöld	24.458	12.682	7.794	5.656	4.387
Rekstrarkostnaður	14.130	8.284	6.667	5.158	4.117
Rekstrargjöld alls	38.588	20.967	14.460	10.815	8.505
Virðisrýrnun útlána	6.144	6.197	4.485	4.656	2.863
Hagnaður fyrir skatta og virðisrýrnun viðskiptavildar	44.694	33.815	14.521	3.512	2.549
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	3.033	0	0	0
Tekjuskattur	4.479	5.764	1.798	457	475
Hagnaður tímabilsins	40.215	25.017	12.723	3.055	2.074
Tilheyrandi:					
Hluthófum Landsbanka Íslands hf.	38.906	24.740	12.574	2.956	2.028
Minnihluta	1.309	277	149	99	45
Efnahagsreikningur	2006	2005	2004	2003	2002
Sjóður og innstæður í seðlabanka	31.669	16.611	18.237	11.642	8.145
Kröfur á fjármálafyrirtæki	215.618	86.919	72.060	37.130	10.748
Lán og kröfur	1.438.395	984.593	542.215	326.400	214.787
Fjáreignir á gangvirið og hlutdeildarfélög	376.809	218.894	64.730	63.744	36.337
Aðrar eignir	110.432	98.443	39.900	9.323	7.808
Eignir samtals	2.172.924	1.405.460	737.141	448.239	277.824
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	141.105	144.591	63.476	43.840	30.665
Innlán frá viðskiptavinum	682.846	334.168	215.730	152.320	108.306
Lántaka	1.014.976	689.989	375.084	209.357	108.479
Víkjandi lántökur	89.754	49.074	22.570	13.090	8.216
Aðrar skuldir	94.785	74.022	21.572	6.389	5.057
Eigið fé	144.282	110.059	37.705	22.382	16.309
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	5.175	3.557	1.004	862	792
Skuldir og eigið fé samtals	2.172.924	1.405.460	737.141	448.239	277.824

Kennitölur

	2006	2005	2004	2003	2002
Arðsemi eigin fjár fyrir virðisrýrnun viðskiptavildar og skatta	40,3%	61,8%	57,2%	20,9%	17,0%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	36,3%	45,8%	49,5%	17,6%	13,5%
Eiginfjárpáttur A	13,0%	11,9%	7,8%	6,9%	7,7%
Eiginfjárhlutfall	14,8%	13,1%	10,4%	9,9%	10,6%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum	43,2%	34,4%	43,2%	57,0%	61,1%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildarfjármagns	2,1%	2,0%	2,5%	3,0%	3,1%
Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns	2,3%	2,2%	2,6%	2,6%	2,8%
Hlutfall innlána af útlánnum til viðskiptamanna	47,5%	33,9%	39,6%	48,0%	50,4%
Framlag í afskriftareikning af stöðu útlána í lok árs	0,37%	0,58%	0,73%	1,47%	1,33%
Hlutfall endanlegra afskrifta af lánum og kröfum	0,13%	0,19%	0,33%	0,55%	0,89%
Gengi hlutabréfa í lok tímabils	26,50	25,30	12,10	5,80	3,65
Breyting hlutabréfaverðs að teknu t.t. arðgreiðslna	5,9%	110,7%	110,3%	61,6%	10,6%
Stöðugildi í lok tímabils	2.117	1.725	1.121	1.025	986
Myntgengi á EUR					
Meðalgengi ISK / EUR í rekstrarreikningi á tímabili	87,57	76,59	86,97	87,39	85,92
Lokagengi ISK / EUR í efnahagsreikningi í lok tímabils	93,72	74,7	83,51	89,76	84,71

Lykiltölur úr ársreikningi

Rekstrarreikningur

	2006	2006	2006	2006	2005	2005	2005	2005
	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.
Vaxtatekjur	34.887	33.154	37.527	27.535	21.073	18.594	14.309	12.461
Vaxtagjöld	25.306	23.840	23.865	18.601	13.818	12.272	9.180	8.172
Hreinar vaxtatekjur	9.581	9.314	13.662	8.934	7.255	6.322	5.129	4.289
Þjónustutekjur	9.323	7.547	7.791	7.797	5.359	4.775	4.864	3.481
Þjónustugjöld	1.325	979	849	940	598	392	403	361
Hreinar þjónustutekjur	7.998	6.568	6.943	6.857	4.761	4.383	4.461	3.120
Arðstekjur	161	99	269	1.834	191	161	616	105
Hreinar tekjur af veltufjáreignum	492	1.943	(1.011)	750	5.503	3.550	(163)	1.978
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði	5.913	594	(489)	7.680	1.205	1.167	1.003	2.490
Gengismunur áhættuvarnarliða	78	25	(25)	(96)	(361)	232	(81)	216
Gengismunur gjaldeyrisviðskipta	(58)	(145)	(12)	(49)	92	359	(161)	97
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	1.133	(15)	(262)	843	643	505	275	484
Hagnaður af eignum í sölumæðferð	(479)	155	51	188	63	270	817	0
Fjárfestingatekjur	7.240	2.656	(1.478)	11.150	7.337	6.243	2.307	5.370
Hreinar rekstrartekjur	24.819	18.538	19.127	26.942	19.352	16.949	11.898	12.779
Laun og tengd gjöld	6.989	5.963	6.256	5.249	4.136	3.077	3.114	2.355
Rekstrarkostnaður	4.042	3.754	3.496	2.839	2.933	1.905	1.764	1.683
Rekstrargjöld alls	11.031	9.717	9.752	8.088	7.069	4.982	4.879	4.037
Virðisrýmun útlána	1.332	1.597	1.660	1.555	1.805	1.687	1.359	1.345
Hagnaður fyrir skatta og virðisrýmun viðskiptavildar	12.457	7.224	7.714	17.299	10.479	10.280	5.660	7.396
Virðisrýmun viðskiptavildar	0	0	0	0	(259)	3.293	0	0
Tekjuskattur	(1.596)	1.480	1.572	3.023	1.929	1.882	602	1.351
Hagnaður tímabilsins	14.053	5.744	6.143	14.276	8.809	5.105	5.058	6.045
Tilheyrandi:								
Hluthöfum Landsbanka Íslands hf.	13.664	5.281	5.966	13.995	8.734	4.995	5.000	6.011
Minnihluta	389	463	177	280	75	110	58	34
Efnahagur	31.12.2006	30.09.2006	30.06.2006	31.3.2006	31.12.2005	30.9.2005	30.6.2005	31.3.2005
Sjóður og innstæður í seðlabanka	31.669	25.714	22.806	19.403	16.611	8.134	8.211	14.136
Kröfur á fjármálfyrirtæki	215.618	168.993	68.793	75.597	86.919	53.727	66.442	56.984
Lán	1.438.395	1.303.676	1.294.462	1.208.510	984.593	837.941	761.901	630.899
Fjáreignir á gangvirði og hlutdeildarfélög	376.809	305.294	275.113	300.780	218.894	156.243	119.208	82.630
Aðrar eignir	110.432	158.395	150.295	165.613	98.443	86.212	66.311	65.993
Eignir samtals	2.172.924	1.962.072	1.811.468	1.769.902	1.405.460	1.142.258	1.022.072	850.642
Innlán frá fjármálfyrirtækjum	141.105	97.097	135.722	138.092	144.591	138.693	92.755	79.582
Innlán frá viðskiptavinum	682.846	513.054	475.045	469.333	334.168	275.295	262.655	218.481
Lántaka	1.014.976	979.748	853.367	806.627	689.989	531.417	521.870	417.947
Víkjandi lántökur	89.754	85.892	91.141	83.514	49.074	47.224	49.394	49.327
Aðrar skuldir	94.785	151.746	128.714	151.130	74.022	48.804	34.378	30.241
Eigið fé	144.282	129.876	123.088	117.187	110.059	98.749	58.954	53.988
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	5.175	4.660	4.392	4.019	3.557	2.076	2.066	1.076
Skuldir og eigið fé samtals	2.172.924	1.962.072	1.811.468	1.769.902	1.405.460	1.142.258	1.022.072	850.642

Hagnaður 40,2 milljarðar króna eftir skatta

Hagnaður bankans á árinu 2006 nam 40,2 milljörðum króna samanborið við 25,0 milljarða króna á árinu 2005 og hefur hann aukist um 61% milli ára.

Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 36,3% á árinu 2006.

Rekstur Teather & Greenwood var tekinn inn í samstæðu bankans á öðrum ársfjórðungi 2005, Kepler Equities í byrjun desember 2005 og Merrion Capital var tekinn inn í samstæðureikning í árslok 2005. Samanburðartölur eru því ekki að fullu samanburðarhæfar. Landsbanki Guernsey Limited er tekið inn í samstæðureikning frá og með lokum þriðja ársfjórðungs 2006.

Veiking íslensku krónunnar hefur áhrif á þróun stærða í efnahags- og rekstrarreikningi. Gengisbundnir eigna- og skuldaliðir eru gerðir upp á gengi í árslok 2006 á meðan stærðir í rekstrarreikningi eru gerðir upp á meðalgengi ársins 2006. Eftirfarandi tafla sýnir þróun erlendra uppgjörsmynta í samstæðu bankans og þróun íslensku gengisvísitölunnar:

	31/12/2005	Meðalgengi	%	31/12/2005	31/12/2006	%
EUR	74.7	87.57	17%	74.7	93.72	25%
GBP	108.85	128.39	18%	108.85	139.08	28%
GVT	104.9	121.00	15%	104.90	127.90	22%

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi


Rekstrarreikningur

Árið 2006 samanborið við árið 2005

Hreinar rekstrartekjur Landsbankans á árinu 2006 námu 89,4 milljörðum króna samanborið við 61,0 milljarð króna á fyrra ári og hafa þær aukist um 47%.

Hreinar vaxtatekjur námu 41,5 milljarði króna samanborið við 23,0 milljarða króna á árinu 2005, sem er aukning um 81%. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns var 2,3%.

Vaxtamunur




Hreinar þjónustutekjur hafa aukist um 70% og námu þær 28,4 milljörðum króna samanborið við 16,7 milljarða króna á árinu 2005.

Fjárfestingatekjur bankans námu 19,6 milljörðum króna á árinu 2006 samanborið við 21,3 milljarða króna á fyrra ári.

Rekstrargjöld samstæðunnar fyrir árið 2006 námu 38,6 milljörðum króna og reiknast kostnaðarhlutfall bankans 43,2% á árinu.

Kostnaðarhlutfall



Samsetning kostnaðar og tekna samstæðunnar hefur breyst umtalsvert með innkomu erlendra dótturfélaga, þar sem um er að ræða verðbréfafyrirtæki, sem almennt eru með hærri kostnaðarhlutfall en bankar.

Stöðugildi samstæðunnar voru 2.117 í árslok 2006. Þar af voru 1.292 stöðugildi á Íslandi og 825 stöðugildi hjá erlendum starfstöðvum.

Virðisrýrnun útlána og fjáreigna til sölu á árinu 2006 nam 6,1 milljarði króna samanborið við 6,2 milljarða króna á árinu 2005. Virðisrýrnun sem hlutfall af útlánnum og kröfum í lok ársins var 0,37%.

Fjórði ársfjórðungur 2006 samanborinn við þriðja ársfjórðung 2006

Hagnaður eftir skatta nam 14,1 milljarði króna samanborið við 5,7 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi.

Hreinar vaxtatekjur námu 9,6 milljörðum króna samanborið við 9,3 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2006.

Hreinar þjónustutekjur námu 8,0 milljörðum króna, samanborið við 6,6 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2006. Aukninguna má einkum rekja til verðbréfiðskipta hér heima og erlendis.

Fjárfestingatekjur bankans námu 7,2 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2006 samanborið við 2,7 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi.

Kostnaðarhlutfall samstæðunnar reiknast 44,4% á fjórða ársfjórðungi samanborið við 52,4% á þriðja ársfjórðungi 2006.

Virðisrýrnun útlána og fjáreigna til sölu nam 1,3 milljarði króna á fjórða ársfjórðungi samanborið við 1,6 milljarð króna á þriðja ársfjórðungi 2006.

Erlend starfsemi 52 % af hreinum rekstrartekjum

Hreinar rekstrartekjur utan Íslands námu 46,6 milljörðum króna eða 52% af hreinum rekstrartekjum á árinu 2006 samanborið við 10,4 milljarða króna eða 17% á árinu 2005. Hafa þær aukist um 36,2 milljarða króna á milli ára sem er rúmlega þreföldun.

Efnahagsreikningur

Heildareignir samstæðunnar námu 2.173 milljörðum króna í árslok 2006 samanborið við 1.405 milljarða króna í byrjun ársins og hafa þær aukist um 768 milljarða króna eða 55% frá áramótum. Aukning fjórða ársfjórðungs 2006 nam 211 milljörðum króna eða 11%. Að stórum hluta er aukning ársins tilkomin vegna veikingar íslensku krónunnar og tilheyrandi verðbólguáhrifa. Í evrum námu heildareignir 23,2 milljörðum evra í lok ársins samanborið við 18,8 milljarða evra í ársbyrjun 2006 og er það aukning um 23%.


Kröfur á fjármálastofnanir námu 216 milljörðum króna samanborið við 87 milljarða króna í upphafi ársins. Aukningin endurspeglar laust fé vegna fyrirfram fjármögnunar fyrir árið 2007.

Útlán til viðskiptavina námu 1.438 milljörðum króna í árslok 2006 samanborið við 985 milljarða króna í byrjun ársins og jukust þau um 46%. Að teknu tilliti til áhrifa af veikingu íslensku krónunnar og verðbólgu nemur raunaukning útlána til viðskiptavina 24%.

Afskriftareikningur útlána var 16,6 milljarðar króna eða 1,14% af heildarútlánunum til viðskiptavina í árslok 2006. Afskriftareikningur útlána endurspeglar ekki töpuð útlán, heldur er um að ræða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar gegn reiknuðum útlánatöpum framtíðar. Þegar og ef útlán tapast eru þau færð út af afskriftareikningi útlána.

Vanskilahlutfall hefur farið stöðugt lækkandi undanfarin ár. Í lok árs 2006 námu 90 daga vanskil 0,21% af heildarútlánunum til viðskiptavina samanborið við 0,4% í ársbyrjun.

90 daga vanskil



Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum námu 170 milljörðum króna í lok árs 2006 samanborið við 52 milljarða króna í byrjun ársins. Aukningin endurspeglar laust fé vegna fyrirfram fjármögnunar fyrir árið 2007.

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum námu 49 milljörðum króna í árslok 2006 samanborið við 58 milljarða króna í ársbyrjun. Af 49 milljarða króna stöðu eru 44 milljarðar króna í skráðum félögum og 5 milljarðar króna í óskráðum félögum. Innlend hlutabréf voru 28 milljarðar króna og erlend 21 milljarður króna í lok árs 2006.

Heildareignir í stýringu námu 377 milljörðum króna í lok árs 2006 samanborið við 281 milljarð króna í byrjun ársins og hafa þær aukist um 34% á tímabilinu. Heildareignir í vörslu voru á sama tíma 1.751 milljarður króna samanborið við 1.321 milljarð króna í ársbyrjun og hafa þær vaxið um 33% það sem af er árinu.


Skuldir og eigið fé

Innlán á erlendum mörkuðum aukast um 300 %

Heildarinnlán samstæðunnar námu 824 milljörðum króna í lok árs 2006. Þar af námu innlán frá viðskiptavinum 683 milljörðum króna samanborið við 334 milljarða króna í upphafi ársins og hafa þau aukist um 104% á árinu 2006. Innlán viðskiptavina á erlendum mörkuðum bankans námu 417 milljörðum króna í árslok 2006 samanborið við 105 milljarða króna í ársbyrjun og hafa þau aukist um 312 milljarða króna eða tæplega 300%.

Innlán viðskiptavina sem hlutfall af útlánnum til viðskiptavina nam 48% í árslok 2006 samanborið við 34% í byrjun ársins.

Innlán til viðskiptavina



Heildarlántökur í árslok 2006 námu 1.015 milljörðum króna samanborið við 690 milljarða í byrjun ársins.


Víkjandi lán námu 90 milljörðum króna í árslok 2006 samanborið við 49 milljarða króna í byrjun ársins.

CAD hlutfall 14,8 %

Eigið fé samstæðunnar í lok árs 2006 nam 144 milljörðum króna samanborið við 110 milljarða króna í ársbyrjun. Breytingar á eigin fé skýrast af hagnaði tímabilsins, viðskiptum með eigin bréf og arðgreiðslum.

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar samkvæmt CAD reglum var 14,8% í árslok 2006 samanborið við 13,1% í ársbyrjun. Eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárbætti A var 13,0% samanborið við 11,9% í byrjun árs.

Eiginfjárhlutfall-CAD



Afkoma rekstrarstarfspáttá

Afkomu samstæðu Landsbankans er skipt í fjóra rekstrarstarfspætti:

- Viðskiptabankastarfsemi
- Fyrirtækjaviðskipti
- Verðbréfiðskipti
- Eignastýring og sérbankapjónusta

Yfirlit um afkomu og heildareignir eftir starfspáttum má sjá í eftirfarandi töflu (mkr.):

Starfspáttayfirlit

2006	Viðskiptabankastarfsemi	Fyrirtækjaviðskipti	Verðbréfiðskipti	Eignastýring og sérbankapjónusta	Annað	Samtals
Heinar vaxatekjur	15.145	22.714	1.290	2.351	0	41.491
Heinar þjónustutekjur	2.860	2.547	19.294	3.665	0	28.366
Fjárfestingatekjur	-32	62	19.235	303	0	19.568
Heinar rekstrartekjur	17.974	25.323	39.809	6.320	0	99.426
Rekstrargjöld	8.752	6.003	19.101	3.239	1.493	38.588
Viðbæturinnun	1.200	3.642	1.307	-5	0	6.144
Hagnaður fyrir skatta	8.022	15.678	19.400	3.086	-1.493	44.694
Heildareignir	369.908	937.353	565.340	289.422	10.901	2.172.924

Undir **viðskiptabankastarfsemi** fellur útibúanet móðurfélagsins, viðskiptabankahluti Heritable Bank, SP-Fjármögnun og Landsbanki Guernsey Ltd. Hagnaður starfspáttarins nam 8,0 milljörðum króna fyrir skatta á árinu 2006 samanborið við 3,4 milljarða króna hagnað á fyrra ári. Heildareignir starfspáttarins námu 370 milljörðum króna í lok árs 2006 samanborið við 262 milljarða króna í ársbyrjun.

Undir **fyrirtækjaviðskipti** fellur fyrirtækjasvið móðurfélagsins, þ.m.t. útibú bankans í London og Amsterdam, fyrirtækjaviðskipti Heritable Bank og fyrirtækjaviðskipti Landsbanka Luxembourg S.A. Hagnaður fyrir skatta af fyrirtækjaviðskiptum á árinu 2006 nam 15,7 milljörðum króna samanborið við 7,0 milljarða króna á fyrra ári. Heildareignir

fyrirtækjaviðskipta námu 937 milljörðum króna í árslok 2006 samanborið við 636 milljarða króna í ársbyrjun.

Verðbréfavíðskipti innifelur verðbréfasvið móðurfélagsins og dótturfélögin Teather & Greenwood, Kepler Equities og Merrion Capital. Undir starfspáttinn fellur verðbréfamiðlun, fyrirtækjaráðgjöf, gjaldeyris- og afleiðumiðlun, skuldastýring, fjárstýring og eigin viðskipti með hlutabréf og skuldabréf. Hagnaður fyrir skatta af verðbréfavíðskiptum á árinu 2006 nam 19,4 milljörðum króna samanborið við 19,6 milljarða króna á fyrri ári. Heildareignir starfspáttarins námu 565 milljörðum króna í árslok 2006 samanborið við 286 milljarða króna í ársbyrjun. Dótturfélög starfspáttarins voru öll keypt á árinu 2005. Teather & Greenwood komu inn í starfspáttinn í upphafi 2. ársfjórðungs, Kepler Equities SA í byrjun desember og Merrion Capital í árslok (engin rekstraráhrif).

Eignastýring og sérbankaþjónusta samanstendur af eignastýringarsviði móðurfélagsins, Landsvaka hf. og eignastýringar Landsbanka Luxembourg S.A. Hagnaður af eignastýringu og sérbankaþjónustu á árinu 2006 nam 3,1 milljarði króna fyrir skatta samanborið við 1,2 milljarð króna á fyrri ári. Heildareignir starfspáttarins námu 289 milljörðum króna í árslok 2006 samanborið við 215 milljarða í byrjun ársins.

Fjármögnun

Á fjórða ársfjórðungi urðu tímamót í fjármögnun Landsbankans þegar IceSave, ný innlánavara á Bretlandsmarkaði, varð snar þáttur í almennri fjármögnun bankans. IceSave er sérsniðin sparnaðarleið fyrir breskan markað, sem eingöngu er boðin á Netinu.

Á fjórða ársfjórðungi jókst langtímafjármögnun bankans um 38 milljarða króna. Aukninguna má fyrst og fremst rekja til fyrstu skuldabréfaútgáfu bankans í Kanada (e. Maple Bond) að fjárhæð CAD 300 milljónir til fjögurra ára á föstum vöxtum. Útgáfan var hluti af reglulegri fjármögnun bankans undir EMTN-ramma hans. Með henni fjölgaði Landsbankinn enn stöðum í alþjóðlegri fjármögnun sinni.

Árið 2006 reyndist íslenskum bönkum áskorun, sér í lagi á sviði alþjóðlegrar fjármögnunar. Fjölmargar greiningar- og markaðsskýrslur fjölluðu um rekstrarumhverfi íslensku bankanna og erlendir aðilar sýndu stefnumörkun þeirra sem og fjármálakerfinu í heild meiri áhuga en fordæmi eru fyrir. Þrátt fyrir að fjármögnunarkostnaður hafi aukist lítillega og áhyggjuraddir heyrst um

skammtímaaðlögun íslenska hagkerfisins og áhrif hennar á bankana tókst Landsbankanum engu að síður að ljúka mörgum fjármögnunarrverkefnum með góðum árangri í Evrópu, Bandaríkjunum og á öðrum mörkuðum. Í árslok hafði bankinn þannig endurfjármagnað langtíma skuldbindingar sínar sem eru á gjalddaga árið 2007.

Heildarútgáfa skuldabréfa á alþjóðamarkaði á árinu nam 3,9 milljörðum evra í 39 útgáfum, samanborið við 4,9 milljarða evra í 57 útgáfum árið 2005. Bankinn hélt áfram að auka fjölbreytni í alþjóðlegri fjármögnun sinni á árinu og náði merkmum áföngum að þessu leyti með afar vel heppnaðri skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum í ágúst og fyrstu útgáfu bankans í Kanada í desember.

Bankinn lagði mikla áherslu á að styrkja erlenda innlánastarfsemi sína á árinu 2006. Bankinn hóf að taka við innlánum frá fyrirtækjum bæði í Amsterdam og í Bretlandi. Bæði Heritable Bank og útibú Landsbankans í London færðu út kviarnar í innlánastarfsemi sinni með afgangspjónustu (e. offshore) frá eyinni Guernsey. Útibúin í Amsterdam og London sem og Heritable Bank fjármagna sig nú að fullu sjálf, mestmegnis með innlánum.

Innlán bankans erlendis nema nú 417 milljörðum króna, en þar af eru 43% frá einstaklingum. Heildarinnlán til viðskiptavina í árslok samsvöruðu 31% af heildareignum bankans og 48% af útlánunum, samanborið við 24% og 34% í sömu röð í árslok 2005. Í ljósi þess hve starfsemi IceSave vex hröðum skrefum reiknar Landsbankinn með að 70% af útlánasafni bankans verði fjármagnað með innlánunum innan þriggja ára.

Lánshæfiseinkunnir Landsbankans voru stöðugar árið 2006 enda þótt matsfyrirtækið Moody's hafi breytt horfum um fjárhagslegan styrkleika bankans úr stöðugum í neikvæðar. Stöðugar lánshæfiseinkunnir Landsbankans árið 2006 bera ótvírætt vitni um styrk hans í því umróti og mótbyr sem gætti í rekstrarumhverfi bankans.

Grunnafkoma

26% arðsemi eigin fjár fyrir skatta

Grunnafkoma bankans fyrir skatta á árinu 2006 nam 28,8 milljörðum króna. Arðsemi eigin fjár af grunnafkomu var 26% á árinu 2006. Yfirlit um afkomu og grunnafkomu á árinu 2006 samanborið við árið 2005 má sjá í eftirfarandi töflu (milljónir króna):

	31.12.2006	31.12.2005
Hagnaður fyrir skatta	44.694	30.781
Bakfærður gengismunur	(19.568)	(21.257)
Leiðréttur vaxtamunur	3.640	3.652
Afskrift viðskiptavildar		3.033
Grunnafkoma fyrir skatta	28.765	16.210
Leiðrétt kostnaðarhlutfall	53%	48%
Leiðrétt arðsemi eiginfjár fyrir skatta	26%	30%

Mæling grunnafkomu bankans felur í sér að gengismunur hlutabréfa, hvers eðlis sem hann er, sem og gengismunur skuldabréfa og gjaldeyris er bakfærður, en á móti er vaxtamunur aukinn sem nemur kostnaði samstæðunnar af því að liggja með hlutabréfa- og skuldabréfastöður. Eftir sem áður er það ávallt markmið bankans og hluti af virkri áhættustýringu að vera með ákveðnar stöður í hlutabréfum og skuldabréfum.

Horfur

Horfur í rekstri Landsbankans eru almennt góðar. Grunnafkoma bankans er stöðug og hefur undirliggjandi arðsemi eiginfjár fyrir skatta verið mjög góð.

Tekjustofnar samstæðunnar byggja á breiðum grunni og koma nú 52% af hreinum rekstrartekjum samstæðunnar frá erlendri starfsemi.

Útlánaáhætta Landsbankans byggir á vel dreifðu eignasafni bæði eftir atvinnugreinum og svæðaskipt. Útlán sem tengjast erlendri starfsemi námu 38% af heildarútlánum til viðskiptavina í árslok 2006.

Á árinu hefur gætt óróa á innlendum gjaldeyris- og hlutabréfamarkaði, en bankinn sem og innlendir viðskiptavinir hans hafa mætt sveiflum á markaði án þess að verða fyrir neikvæðum langtímaáhrifum af þeim, þar sem viðskiptavinir bankans eru almennt með tekjur í erlendum myntum á móti gengisbundnum lánum sínum.

Sem hluti af virkri áhættustýringu hefur vægi hlutabréfaeignar bankans af heildareignum verið lækkað og var það 2,3% í árslok 2006.

Í ljósi ofangreinds er það mat stjórnenda að staða Landsbankans sé sterk og bankinn sé

vel í stakk búinn til þess að viðhalda áframhaldandi góðri arðsemi eigin fjár. Markmið Landsbankans um arðsemi eigin fjár eftir skatta eru 15-17%.

Við mat á afkomuhorfum fjármálafyrirtækja er rétt að hafa í huga að rekstur þeirra er háður ýmsum ytri þáttum, svo sem efnahagsþróun hérlendis og erlendis, þróun verðlags og gjaldmiðla, sem og þróun innlendra og erlendra fjármálamarkaða.

Kynningarfundir fyrir markaðsaðila

London 26. janúar

Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, bankastjórar Landsbankans, munu kynna afkomu bankans og svara fyrirspurnum. Hægt verður að fylgjast með útsendingu af kynningunni á heimasíðu Landsbankans www.landsbanki.com og verða öll fundargögn birt þar samtímis.

Tími: 11:00 (11:00 að íslenskum tíma)
Staðsetning: Haberdashers Hall, 30 18 West Smithfield, London EC1A 9HQ.

Fyrir þá sem vilja fylgjast með fundinum á vefnum geta séð kynninguna í rauntíma á www.landsbanki.com. Einnig verður hægt að hlusta á fundinn símleiðis með því að hringja 10 mínútum fyrir fund í síma +44 (0) 1452 562 717.

Reykjavík 29. janúar

Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, bankastjórar Landsbankans munu kynna afkomu bankans fyrir markaðsaðilum og svara fyrirspurnum. Fundurinn fer fram í lðusölum 4. hæð, Lækjargötu 2a og hefst kl. 11.45. Kynningarefni frá fundinum verður birt samtímis á heimasíðu Landsbankans. Skráning á fundinn fer fram á www.landsbanki.com/IR

Aðalfundur og birting ársfjórðungsuppgjöra 2007

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. árið 2006 verður haldinn föstudaginn 9. febrúar kl. 16.00 á Grand hótél.

Á fundi sínum í dag samþykkti bankaráð að leggja til við aðalfund að hann veiti bankaráðinu heimild til að greiddur verði 40,0% arður til hluthafa. Viðskipti nýrra kaupenda með bréf bankans án réttar á arði vegna ársins 2006 hefjast mánudaginn 12. febrúar n.k. Gjaldþagi arðs verður 7. mars 2007.

Fyrirhugað er að birta árshlutauppgjör og ársreikning bankans fyrir árið 2007 samkvæmt eftirfarandi:

Fyrsti ársfjórðungur:	4. maí
Annar ársfjórðungur:	2. ágúst
Þriðji ársfjórðungur:	1. nóvember
Fjórti ársfjórðungur:	1. febrúar 2008

Ársreikning Landsbankans fyrir árið 2006 má nálgast á heimasíðu bankans www.landsbanki.is

Uppgjörið er áritað af endurskoðendum.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Landsbankans Sigurjón Þ. Árnason 410 4009 / 898 0177 og Halldór J. Kristjánsson 410 4015 / 820 6399.